

**403. fundur  
Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps  
haldinn Miðtún 1, Tálknafirði,  
miðvikudaginn 10. júní 2009 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir , ritari

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki. Gengið til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. 0906004F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 27**

Fundargerðin staðfest einróma.

**2. 0906027 - Fjórðungssamband Vestfirðinga. Fundargerð stjórnarfundar frá 3. apríl og 27. maí 2009**

Lagt fram til kynningar.

**3. 0906022 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Fundargerð frá 8. maí 2009**

Lagt fram til kynningar.

**4. 0906030 - Kreppuhugmynd. Bréf sem barst 4. júní 2009**

Til máls tóku EIS, BGG, BG, BB og GÓ. Fundarmenn þakka bréfiturum áhuga þeirra og oddvita falið að svara erindinu.

**5. 0906029 - Samgönguráðuneytið. Bréf dagsett 28. maí 2009**

Hreppsnefnd hefur ekki áhuga á að taka þátt í verkefninu. Samþykkt samhljóða.

**6. 0906028 - Brunabót. Styrktarsjóður EBÍ 2009. Bréf dagsett 28. maí 2009**

Lagt fram til kynningar.

**7. 0906026 - Alþingi, umhverfisnefnd. Tvö bréf dagsett 27. maí 2009**

Lagt fram til kynningar.

**8. 0906020 - Kjör oddvita og varaoddvita**

Samþykkt óbreytt skipan með atkvæðum EIS, BG og GÓ, BGG og BB sátu hjá.

**9. 0906019 - Samningur um slátt og umhirðu grænna svæða á Tálknafirði**

Samningurinn samþykktur samhljóða.

**10. 0905106 - Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2008. Fyrri umræða**

Rekstartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 199,2 milljónum kr. skv. ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstartekjur A-hluta 190,2 milljónum kr., rekstargjöld námu alls kr. 210,8 milljónum, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 8,8 milljónir, rekstarniðurstaða sveitarfélagsins A og B hluta neikvæð um 20,5 milljónir, en rekstarniðurstaða A hluta var neikvæð um 17,4 milljónir kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 214,3 milljónum kr. Ársreikningurinn borinn upp til samþykktar og samþykktur einróma.

**11. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**

Oddviti fór yfir ráðningar í sumarstörf og tilhögun sem verður höfð við þá vinnu. Aðalfundur Menningarráðs Vestfjarða verður haldinn á Ísafirði þann 23. júní kl. 16 og var oddvita falið að ganga frá mætingu þar. Borist hafa 16 umsóknir um stöður í skólanum og hefur skólanefnd farið yfir þessar umsóknir og er verið að vinna í því að velja úr þeim.

Verið er að skipta út heitu pottunum við sundlaugina, og búið er að ráðstafa eldri pottunum til Villimeyjar ehf, sem greiðslu fyrir fyrirframgreidda leigu fyrir Móberg, sem Villimey var með á leigu til maí 2010 og búið var að greiða fyrir með vinnuframlagi og efniskaupum, en húsnæðið rýmt í ágúst 2008, samkomulag þess efnis liggur fyrir fundinum.

**12. 0906031 - Samgönguráðuneytið, jöfnunarsjóður. Bréf dagsett 2. júní 2009**

Lagt fram til kynningar.

**13. 0906025 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Bréf dagsett 27. maí 2009**

Lagt fram til kynningar.

**14. 0906024 - Samgönguráðuneytið, bréf dagsett 12. maí 2009**

Lagt fram til kynningar.

**15. 0906023 - Alþingi, bréf dagsett 12. maí 2009**

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____